

# Skelfiskur á matseðlinum

## Eftirlit á skelfisksvæðum

Hafrannsóknastofnunin, í samvinnu við Matvælastofnun o.fl., vaktar eiturþörunga á nokkrum svæðum við landið þar sem skelfisktekja, -veiðar eða -ræktun eru stundaðar. Upplýsingar um niðurstöðurnar eru birtar jafnóðum á netinu, á vefnum [www.hafro.is/voktun](http://www.hafro.is/voktun)

## Auðkennismerkir

Auðkennismerkir skal gefa til kynna, upprunaland, tegund samloka á íslensku og latneskt heiti, leyfisnúmer vinnslustöðvar, lotumerki, dagsetningu þökkunar og geymsluból eða yfirlýsingin: „*bessi skelfiskur skal vera lifandi við sölu*”



Hafrannsóknastofnunin



Vinsældir skelfisks hafa aukist undanfarin ár. Ef skelfiski er safnað til matar þarf að ganga úr skugga um að ekki sé hætta á að hann sé eitraður vegna eitraðra svifþörunga sem hann hefur étið.

Skelfisk má eingöngu markaðsetja frá viðurkenndum aðilum og á hann að vera merktur með auðkennismerkir sem er sönnun þess að framleiðslan sé undir eftirliti Matvælastofnunar og að mælingar á þörunga-eitri hafi verið gerðar.

Eitraðir svifþörungar geta sprottið upp á tímabilinu frá maí og fram eftir hausti. Skelfiskurinn sem étur eiturþörunga safnar í sig eitruinu án þess að það hafi áhrif á hann sjálfan. Eituráhrifanna gætir aftur á móti hijá þeim sem neyta eitraðs skelfisks.



## Hvernig á að bregðast við skelfiskeitrun?

Skelfiskeitrun er mjög alvarleg og þarf að bregðast við henni skjótt.

Ef grunur er um skelfiskeitrun hafðu þá strax samband við lækni, næstu heilsugæslustöð eða sjúkrahús. Taktu skýrt fram að viðkomandi hafi neytt skelfisks.

## Skelfiskeitrun

Aðallega er um að ræða þrenns konar eitrun sem menn þurfa að vera vakandi yfir hér við land.

- **PSP eitrun** (paralytic shellfish poisoning). Veldur truflun á taugaboðum, doða í andliti og útlínum og getur valdið lömun og/eða, öndunarerfiðleikum. Eitrunar verður vart fljótlega eftir neyslu eitraðs skelfisks.
- **DSP eitrun** (diarrhetic shellfish poisoning). Veldur ógleði, uppköstum, þrautum í kviðarholi og niðurgangi. Verður vart skömmu eftir neyslu eitraðs skelfisks.
- **ASP eitrun** (amnesic shellfish poisoning). Áhrif koma fram nokkrum dögum eftir neyslu eitraðs skelfisks og einkennast af ógleði, niðurgangi og minnisleysi.